

Dreifibréf 1/2018/LST

Afgreiðsla EES lyfjaávisana Mat lyfjafræðinga á réttri útgáfu og lögmæti lyfjaávisana

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 421/2017 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja eru lyfjaávisanir lækna sem hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu gildar hér á landi, endi fullvissi lyfjafræðingur sig um að útgefandi lyfseðils hafi lækningaleyfi í viðkomandi ríki.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1266/2017, um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja, sem tekur gildi 3. apríl 2018 er afgreiðsla lyfs gegn lyfjaávisun skilgreind á eftirfarandi hátt: „Þegar **lyfjafræðingur staðfestir að lyfjaávisun sé rétt útgefin, gengur úr skugga um að hún sé lögmæt** og að rétt lyf hafi verið tekið til og rétt áritað.“¹ Í 26. gr. sömu reglugerðar kemur fram að lyfjaávisanir lækna sem hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu séu gildar hér á landi og að um afgreiðslu slíkra lyfja skuli fara samkvæmt íslenskum reglum.

Vegna vaxandi fjölda evrópskra lyfseðla hér á landi þar sem ávísað er ávana- og fíknilyfjum vill Lyfjastofnun vekja athygli lyfjafræðinga á að þeim er **heimilt að hafna því að afgreiða lyfseðil** ef þeir geta ekki með óyggjandi hætti staðfest að lyfjaávisun sé rétt útgefin og lögmæt.

Lyfjastofnun 9. febrúar 2018

¹ Leturbreyting Lyfjastofnunar.